



Fundargerð 17. stjórnar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 24. september 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JÞJ), Páll Jónsson (PJ), Baldvin Hansson (BH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Valdemar Johnsen (VJ)

TMP ritaði fundargerð.

1. Fjármál

Lagt fram til kynningar.

2. Formannafundur

Formannafundur hefst kl 10:00 hjá Bílklúbbi Akureyrar.

3. Tilnefningar AKÍS til akstursípróttafólks ársins

Keppnisráð þurfa að vera búin að skila inn tilnefningum um akstursípróttafólk ársins þann 12 október þegar almenn kosning fer fram.

Stjórn hefur næsta stjórnarfund til að ákveða hvort það eigi að bæta við tilnefningar.

4. Viðurkenningar til sjálfboðaliða ársins

Stjórn mun óska eftir tilnefningum ásamt rökstuðningi frá aðildarfélögum um sjálfboðaliða ársins. Viðkomandi verða veittar viðurkenningar á lokahófi AKÍS.

5. Heiðursmerki

Komnar eru tillögur að barmmerkjum sem voru samþykktar. Starfsmanni falið að fá tilboð í 25 til 50 í bæði silfur- og gullmerki.

6. Íslandsmet

Stjórn ákvað að búa til skrá yfir Íslandsmet í þeim greinum sem það á við. Nánari útfærsla verður unnin í samvinnu við aðildarfélög AKÍS.

7. Lokahóf

Samþykkt að leita til Arons Óskarssonar til að sjá um tæknimál á lokahófi AKÍS. Starfsmanni falið að ræða við AÓ um þetta.



8. Námskrá AKÍ

Samþykkt var að tillaga að breyttu fyrirkomulagi námskeiða. Námskeiðin verði fyrir

- almennan dómnefndarmenn,
- formenn dómnefnda,
- keppnisstjóra,
- öryggisfulltrúa,
- keppendur

og verði alfarið rafræn.

Þetta mun nánar kynnt á formannafundi þann 9. nóvember næstkomandi.

9. Fundargerð FIA Esport Commission

Lögð fram fundargerð frá FIA Esport Commission. Sem haldinn var 10. september 2024.

10. Önnur mál

- Erindi hefur borist frá Afrekssjóði ÍSÍ vegna leiðréttinga fyrir árið 2023. Starfsmanni falið að hafa samband við ÍSÍ til að fá útskýringar á þessu.

Næsti fundur verður 8. október kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 21:30